

fyrir árið 1960.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961.)

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1960, eru veittar kr. 72 694 450.72 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. gr.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. A. er veitt:

1. Póstmál	kr.	1 406 491.56
af kr. 8 128 820.87 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
2. Síminn	—	13 003 797.50
af kr. 13 531 295.92 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
3. Tóbakseinkasala ríkisins	—	150 307.79
af kr. 4 590 823.99 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
4. Ríkisútvarpið	—	4 546 904.80
af kr. 6 415 997.25 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
5. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg	—	444 716.21
en tekjur fóru kr. 422 883.25 fram úr fjárlagaáætlun.		
6. Áburðarsala ríkisins	—	170 343.81
af kr. 195 814.06 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
7. Landsmiðjan	—	259 050.29
af kr. 287 195.03 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
8. Tunnuverksmiðjur	—	842 590.93
af kr. 842 590.93 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
9. Innkaupastofnun ríkisins	—	641 904.36
af kr. 1 661 497.29 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
10. Bessastaðabú	—	326 034.69
en tekjur fóru kr. 254 303.35 fram úr fjárlagaáætlun.		
11. Kópavogsbú	—	41 335.85
af kr. 44 108.79 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
12. Skólabúið á Hólum	—	324 168.88
en tekjur fóru kr. 244 021.90 fram úr fjárlagaáætlun.		
13. Skólabúið á Hvanneyri	—	399 570.50
en tekjur fóru kr. 361 584.30 fram úr fjárlagaáætlun.		

kr. 22 557 217.17

Til viðbótar við gjöldin í 8. gr.	eru veittar	kr.	43 996.85
— — — — - 10. — II.	— —	—	1 165 067.28
— — — — - 11. — B.	— —	—	51 808.27
— — — — - 13. — A.	— —	—	1 851 022.17
— — — — - 13. — B.	— —	—	3 373 892.16
— — — — - 13. — C.	— —	—	890 430.11
— — — — - 13. — D.	— —	—	246 766.38
— — — — - 13. — E.	— —	—	161 566.81
— — — — - 14. — B.	— —	—	178 962.83
— — — — - 16. — B.	— —	—	5 147 325.23
— — — — - 16. — C.	— —	—	115 721.25
— — — — - 18. —	— —	—	444 111.30
— — — — - 19. — 5.	— —	—	3 938 622.59

kr. 40 166 510.40

Til eignaaukningar samkvæmt 20. gr. Út eru veittar — 32 527 940.32
Inn fóru kr. 112 524 783.27 fram úr fjárlagaáætlun.

Samtals kr. 72 694 450.72

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna hafa afhent ráðuneytinu tillögur sínar til fjárveitinga í fjáralkalögum fyrir árið 1960. Þeir leggja til, að aukafjárveitingar séu veittar fyrir öllum umframgreiðslum, sem ríkisreikningurinn 1960 sýnir. Frumvarp þetta er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1960.